

FW: Minnkum förgunarkostnað

Til : Ralf Trylla;Hálf dán Bjarki Hálf dánsson
Frá : Hjördís Þráinsdóttir
Heiti : FW: Minnkum förgunarkostnað
Málsnúmer : 2018050004
Málsaðili : Skógarafurðir ehf.
Skráð dags : 27.04.2018 09:09:26
Höfundur : Hjördís Þráinsdóttir

Viðhengi [fjolpostur.jpg](#)[fjolpostur.jpg](#)
[image002.jpg](#)[image002.jpg](#)

Við Þórdís vorum sammála um að þetta ætti erindi við umhverfis- og framkvæmdanefnd. Ralf þú setur þetta á dagskrá.

Hjördís Þráinsdóttir
Skjalastjóri Ísafjarðarbæjar

From: Bjarki Jónsson [<mailto:bjarki@skogarafurdir.is>]
Sent: fimmtudagur, 26. apríl 2018 13:43
Subject: Minnkum förgunarkostnað

Góðan daginn.

Bjarki heiti ég og er eigandi Skógarafurða ehf.

Ég sendi ykkur smá póstkort hér í viðhengi og óska þess að þetta verði tekið fyrir á fund eða sent áfram á þá sem varðar innan ykkar sveitarfélags. Að okkar mati er hægt að horfa á þetta í svipaðri mynd og matarsóun en garð tré geta átt framtíð í að þjóna okkur í öðru heldu en að prýða garð. Fyrir okkur er þetta verðmæti og eflir innlenda framleiðslu. En eins og þið öll vitið er mjög dýrt að fella tré í gördum það þarf menn sem vita til verka og oft þarf stór tæki til að halda við trén svo þau detti ekki á mannvirki og svo felst mikill kostnaður oft fyrir sveitarfélög að farga þessu en oft er þetta bara urðað og stór trjábólur grotnar mjög hægt niður í jörðinni. Einnig eru þessi garðtré líka það stór að það er ekki neinn kurlari sem tekur þetta í sig og svona má lengi telja.

Okkur langar að geta komið upp samstarfi við sveitarfélög og koma þessum trjám í vinnslu. Til þess að þetta sé hægt þá þurfum við að setja reglur og hafa aðgang að safn svæði sem bæjarbúar og verktakar geta sett bolina frá sér og við slegið í hringferð um landið og komið við til að sækja þetta. Þannig náum við mögulega að láta hráefnið standa undir kostnaðinum við að sækja þetta í vinnslu til okkar.

Reglur sem þarf að hafa í huga til að halda verðmætum í efni. Viðartegundir sem við nýtum er öll helstu tré ekki runnar eða greina. Við tökum trjábólina, Ösp, Greni, Lerki, Birki, Reynir, Fura. Þetta eru helstu tegundir sem við erum að vinna úr. Við viljum fá bolina af kvistaða (greina hreinsað) óska lengd eru 3 metrar en minnsta lengd er 1,5 í sverari bolum. Þvermál bola alt yfir 15 cm í mjórri endann. Nokkuð beinvaxið.

Einnig ef það er verið að grisja stærri reiti í ykkar sveit gerum við tilboð í meira magn. Sækjum hvert á land sem er.

Endilega hafið samband við okkur til baka hér í tölvupósti hvort þið hafið áhuga á samstarfi einnig ef það eru einhverjar spurningar hvað þetta varðar.

Kv.

Bjarki M Jónsson
Framkvæmdarstjóri

Skógarafurðir ehf
Ytri-Viðivöllum II, Fljótsdal
701 Egilsstaðir

Gsm. 698-6237

Kt. 451114-0690

Netfang. bjarki@skogarafurdir.is

www.skogarafurdir.is